



# Fréttabréf Newsletter

Febrúar 2022



AÐALFUNDUR  
10. FEBRÚAR

FLUGMENN GEFA FLUG-  
FÉLÖGUM EINKUNN...  
FLETTU UPP ÞÍNU!

FLUGMENN GÆSLUNNAR  
ENN SAMNINGSLAUSIR

STARFSÁNÆGJA FLUG-  
MANNA Á TÍMUM  
COVID-19

NÚ ÁRIÐ ER LIÐIÐ  
FRÉTTIR AF EFÍA

EUROPEAN  
AERO-MEDICAL  
REPOSITORY



# GAGNVIRKT EFNISYFIRLIT

## INTERACTIVE TABLE OF CONTENTS

<b>3</b>	<a href="#">ÁVARP FORMANNS</a>	<b>4</b>	<a href="#">FRÉTTIR ÚR STARFI</a>
	<a href="#">MESSAGE FROM FÍA PRESIDENT</a>		<a href="#">NEWS BULLETINS</a>
<b>5</b>	<a href="#">FRAMBOÐ TIL STJÓRNAR</a>	<b>7</b>	<a href="#">SAM-EVRÓPSK SKRÁNING</a>
	<a href="#">CANDIDATES FOR THE BOARD</a>		<a href="#">EUROPEAN AERO-MEDICAL REPOSITORY</a>
<b>8</b>	<a href="#">EVRÓPSK FLUGFÉLÖG FÁ EINKUNNIR</a>	<b>10</b>	<a href="#">STARFSÁNÆGJA FLUGMANNA</a>
	<a href="#">EUROPEAN AIRLINES GET RATED</a>		<a href="#">JOB SATISFACTION OF PILOTS</a>
<b>11</b>	<a href="#">ÉG ÆTLA EKKI AÐ RÁÐA ÞIG...</a>	<b>12</b>	<a href="#">NÚ ÁRIÐ ER LIÐIÐ - EFÍA</a>
	<a href="#">I'M NOT GOING TO HIRE YOU...</a>		<a href="#">PENSION FUND NEWS</a>



# ÁVARP FORMANNS

Kæru félagar,

Senn líður að aðalfundi FÍA 2022, sem boðaður hefur verið 10. febrúar nk. Þar munu fara fram hefðbundin aðalfundarstörf skv auglýstri dagskrá. Meðal dagskrárliða er stjórnarkjör. Svo háttar til þetta árið að sitjandi stjórnarfolk hefur afráðið að gefa kost á sér til áframhaldandi starfa og setu í stjórn FÍA. Engin mótframboð hafa borist og því útséð með að sjálfkjörið er í stjórn FÍA að þessu sinni.

Það hefur verið afar gott að vinna með öllum þeim er sitja í stjórn. Tímabilið hefur verið krefjandi og áskoranirnar margar. Það hefur verið ómetanlegt fyrir formann að hafa á að skipa svo öflugu fólki sem skirrist aldrei við verkefnum, þrátt fyrir að hafa undanfarin 2 ár verið krafín í störfum sínum umfram það sem hægt er ætla sjálfsgat og eðlilegt. Bæði stjórnarmenn og starfsfólk skrifstofu eiga þakkir skildar fyrir ósérhlífina og dugnaðinn.

Ég fyrir mitt leiti er afar þakklátur fyrir traustið sem þið félagsmenn sýnið stjórninni en vona um leið að áhugi félagsmanna sé ekki að dvína á félagsstörfum og stéttarfélaginu. Það er mjög mikilvægt að fá sem flestar vinnufúsar hendur til starfa í félaginu og ekki sýst að fá yngra fólk til að taka virkan þátt í félagsstörfum. Tíminn líður hratt og enginn er eilífur eða ómissandi, það kemur alltaf maður í manns stað. Hitt er líka satt, að „hvað ungur nemur gamall temur“ og því er viðhald þekkingar og reynslu nauðsynlegt í bland við endurnýjun.

Með hækkandi sólu eru batamerki á lofti í fluggeiranum. Þó fyrir hefði verið! Loksins virðist sem stjórnvöld ætli að slaka á höftum, takmörkunum og frelsisskerðingum sem hafa litað allt okkar líf sl. 2 ár. Afleiðingarnar hafa verið flestum okkar þungbærar og því miður eru enn nálega 30 % félagsmanna án atvinnu þrátt fyrir að endurráðningar hafi komið til í hverjum mánuði síðastliðna hálfu árið. Von er á áframhaldandi endurráðningum flugmanna fyrir komandi sumar. Megi þær verða varanlegar og sem flestar.

Fái flugfélögin okkar rými og frelsi til að skipuleggja sig án inngripa stjórnvalda er víst að íslenskur flugrekstur er í kjörstöðu til vaxa hratt og dafna vel. Sagan er okkur hliðholl þegar litið er til þess að íslenskum flugrekendum hefur að jafnaði farnast betur en öðrum og viðspyrna þeirra er hraðari eftir niðursveiflur vegna sveigjanleika, útsjónarsemi og elju starfsfólks.

Ég trúir því að spennandi tími sé framundan. Tími uppbyggingar og tækifæra. Ég veit að við verðum öll tilbúin á áramnar þegar kallið kemur. Ég vonast til að sjá ykkur sem allra flest á aðalfundi og öll sem fyrst í flugi.

Virðingarfyllt

Jón Þór Þorvaldsson  
Formaður FÍA







## Aðalfundur FÍA í febrúar

Aðalfundur FÍA verður haldinn á Grand Hótel, fimmtudaginn 10. febrúar 2022 kl. 20:00. Í ár verður ekki haldin rafræn kosning um kjör stjórnarmanna þar sem sjálfkjorið er í öll embætti stjórnar, og er stjórn óbreytt frá síðasta kjörtímabili. Frekari upplýsingar um fyrirkomulag á aðalfundi má vænta þegar sóttvarnar-reglur og fjöldatakmörkanir skýrast.

### Endurkjörin verða því:

Formaður:	Jón Þór Þorvaldsson. ICE
Meðstjórnandi:	Gunnar Björn Bjarnason. AIC
Meðstjórnandi:	Högni Björn Ómarsson. ICE
Meðstjórnandi:	Sara Hlín Sigurðardóttir. ICE
Meðstjórnandi:	Steindór Ingi Hall. ICE

## Forvarnir barna og unglunga

### Fyrirlestur á vegum Starfsmenntasjóðs FÍA

Í hádeginu, miðvikudaginn 23. febrúar, verður áhugaverður fyrirlestur á vegum Starfsmenntasjóðs FÍA um forvarnir barna og unglunga. Árni Einarsson, framkvæmdarstjóri Fræðslu og forvarna, mun fara yfir meðal annars stöðu og þróunar í ávana- og vímuefnaneyslu íslenskra ungmenna og helstu áhrifaþætti neyslu og forvarna, með sérstakri áherslu á þætti í uppeldi og jafningjahópum.

Fjallað verður um úrræði í vanda og einnig um áskoranir unglingsáranna, þroskabreytingar og samskipti og helstu einkenni ávana- og vímuefnaneyslu ungmenna.

Að venju eru allir meðlimir FÍA velkomnir.

Við minnum einnig á Facebook síðu Starfsmenntasjóðs en þar getið þið séð hvaða spennandi fyrirlestrar, erindi og námskeið eru framundan. Síðan heitir einfaldlega Starfsmennta- sjóður FÍA og finnst við einfalda leit.

## Jónas verður verkefnastjóri

Jónas Einar Thorlacius hefur verið ráðinn sem verkefnastjóri í hlutastarf á skrifstofu FÍA. Hann mun sinna afmörkuðum verkefnum innan skrifstofu, halda utan um kjaratengd mál frá félagsmönnum sem og stýra stefnumótun FÍA.

Jónas er góður liðsauki og þekkir vel starfsemi skrifstofu FÍA. Reynsla hans sem stjórnar-meðlimur og framkvæmdastjóri munu koma að góðum notum og bjóðum við hann velkominn aftur til starfa.



## Segðu okkur hvað þér finnst

### Þín ábending getur skipt sköpum!

Kæru félagsmenn.

Til að auka skilvirkni við afgreiðslu mála óskar FÍA eftir skriflegum tilkynningum og vangaveltum sem koma upp á tölvupóstfangið [report@fia.is](mailto:report@fia.is) eða í gegnum tilkynningarhluta í **FIA mobile**.

Það er von okkar að með frekari slíkum tilkynningum verði hægt að safna og vinna með gögn varðandi kjarasamningsbundin mál sem upp koma eða bíða úrlausnar, sem um leið flýttir afgreiðslu og eykur skilvirkni.

Stjórn og starfsfólk FÍA leggur ríka áherslu á að liðsinna félagsmönnum eftir fremsta megni og standa vörð um kjarasamninga.

# Framboð til STJÓRNAR

## Sara Hlín Sigurðardóttir

Kæru félagar.

Þá er mínu tveggja ára kjörtímabili sem meðstjórnandi senn að ljúka og hefur þessi tími liðið bæði ógnarhratt en á sama tíma löturhægt. Í febrúar 2020 settist ný stjórn spennt niður í Grjótnesi þar sem hver og einn stjórnarmeðlimur fór yfir sína framtíðarsýn fyrir stéttarfélagið. Hvers vegna buðum við okkur fram og hverju vildum við koma til leiðar? Enginn nefndi Covid-19.

Við höfumst strax handa við stefnumótun en söguðumst fyrir en varði inn rússíbanann sem hefur þeytt okkur til og frá í núna bráðum tvö ár. Við höfum reynt að koma til móts við bæði flugrekendur og félagsfólk. Við þurfum að finna ný mörk því óhjákvæmilega breyttust allar forsendur. Við veittum undanþágur frá kjarasamningum flugrekendum til handa og frá reglum FÍA til að aðstoða félagsfólk í uppsögn. Við ákváðum að nýta sjóði FÍA í þágu félagsmanna nú sem aldrei fyrir en gerðum það þó af yfirvegun og fengum gott fólk til að aðstoða okkur í að hanna fjármála-stefnu til framtíðar. Það er því verkefni að þakka að stéttarfélagið okkar er að komast vel frá faraldrinum þrátt fyrir að tekjur hafi dregist verulega saman.

Mín helstu verkefni hafa verið að sinna alþjóðasamskiptum fyrir hönd FÍA ásamt öðrum meðlimum Alþjóðanefndar og hefur þar verið á nægu að taka. Við höfum verið í miklu fjarfundasambandi við hinar ýmsu nefndir IFALPA, ECA, ITF, NTF og ICAO en einnig hefur heilmikið samráð átt sér stað vegna Covid og þeirra bylgju kjaraviðræðna og verkefna sem faraldrinum hefur fylgt.

## Högni Björn Ómarsson

Ég þakka traustið!

Eftir að framboðsfrestur til stjórnar FÍA rann út að kvöldi 20. janúar sl. hef ég velt því fyrir mér hvers vegna það bárust ekki önnur framboð en frá sitjandi stjórnarmönnum. Lára Sif framkvæmdastjóri hefur verið iðin við að minna á aðalfundinn, sent tímanlega út fundarboð með dagskrá og ítrekað ábendingar um framboðsfrest. Það ætti því ekki að hafa farið framhjá félagsmönnum að til stóð að kjósa rafrænt um fjögur sæti meðstjórnenda auk formanns.

Mín vegna má Jón Þór formaður alveg vera sjálfkjörinn enda mjög vel að því kominn og dugnaðurinn og festan sem í honum býr hefur komið sér afar vel fyrir FÍA á þeim róstarsama tíma sem að baki er. Sæti meðstjórnanda hefði ég frekar viljað skipa að lokinni málefnalegri kosningarbaráttu þar sem tækifæri hefði gefist til að kynna starfsemi félagsins og jafnvel ræða breyttar áherslur eða nútímalegri starfshætti í takt við væntingar yngri kynslóða af flugmönnum.

Í því ástandi sem skapaðist fljótlega eftir að heimsfaraldurinn gerði vart við sig náði hugmyndaflug forsvarsmanna flugfélaganna nýjum og óvæntum hæðum. Það var eins og upp hefði runnið langþráð ögurstund og nú skyldi látið sverfa til stáls í öllum mögulegum málaflökkum. Sumir létu sitt eigið ímyndunarafl ekki nægja heldur leituðu langt út fyrir landhelgina til að spyrja þá ráða sem ekkert þekkja til á íslenskum

Nokkur okkar hafa rýnt í ný loftferðalög sem hafa verið í vinnslu hjá Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti, skrifað umsagnir og fundað með fulltrúum ráðuneytisins og Samgöngustofu.

Vinna við lögin er vel á veg og hefur frumvarp verið lagt fyrir Alþingi. Öll höfum við svo lagt mikla vinnu í viðræður við hina ýmsu viðsemjendur FÍA en þar hefur verkefnalistinn verið nær ótæmandi.

Við erum búin að kynnast Ríkissáttasemjara, Alþingismönnum og starfsmönnum hinna ýmsu stofnana betur en við kannski hefðum viljað. Við höfum náð góðum árangri á mörgum sviðum en stöndum því miður enn í miðjum rúmsjó í mörgum málum. Það er þess vegna sem ég býð mig fram aftur til næstu tveggja ára. Mig langar að sjá okkur komast úr ókyrrðinni og að fara í þá stefnumótun sem hugur okkar stóð til.

Ég vil þakka öllum þeim stjórnarmeðlimum, nefnarmönnum og öðrum félagsmönnum sem hafa lagt sig fram í þágu félagsins okkar á undanförunum tveimur árum! Verkfallsvarsla, greiningarvinna, steymisútsendingar, stuðningur og ýmiss ráðgjöf. Takk!

Ég er sem fyrir óendanlega stolt af því að tilheyra þessum hópi sem vonandi verður allur sameinaður og í vinnu sem fyrst.

vinnumarkaði. Ómenguð skyldu ráð þeirra fylgja vestanvindum yfir hafið og vera sem líkust þeim umdeilda boðskap sem Mont Pelerín-félagið boðaði upp úr miðri 20. öld.

Stjórn FÍA, starfsfólk, nefndir og fjölmargir velunnarar félagsins hafa staðið í ströngu þetta kjörtímabilið og því miður sér enn ekki fyrir endann á þeirri baráttu sem sumir viðsemjendur hafa kosið að heyja við íslenska atvinnuflugmenn um kjör þeirra og umsamin réttindi.

Hjá FÍA starfar afkastamikið fólk sem af mikilli fórnfýsi leggur sig fram við að gæta hagsmuna allra félagsmanna þessa rótgróna fagfélags. Ég er stoltur af því að tilheyra þessum góða hópi og er nú sem fyrir til þjónustu reiðubúinn. Sjálfkjörið er í stjórn FÍA að þessu sinni og sumir segja að því beri að taka eins og hverri annarri traustsyfirlýsingu, en dramb er falli næst og ég treysti því að félagsmenn bjóði fram krafta sína til að starfa í fjölbreyttum nefndum á ráðum FÍA sem skipað verður í á næstunni.

Flugmannahópurinn fer nú stækkandi á ný og framundan eru vonandi mun bjartari tímar en að baki eru, allra daga kemur kvöld segir víst máltækið.

Ég þakka traustið!



# Framboð til STJÓRNAR

## Steindór Ingi Hall

Kæru félagar

Nú eru liðin tæp tvö ár frá því að ég hlaut kjör í stjórn FÍA og óhætt er að segja að ansi margt hefur drifið á daga okkar í Hliðarsmáranum. Við þekkjum öll afleiðingar heimsfaraldursins. Það hefur verið mikill lærdómur að ganga í gegnum þetta allt saman og rembast við að halda haus þó svo að virkilega hafi á móti blásið um tíma.

Þegar ég kom inn í stjórnina fannst mér að ákveðin stefnumótun þyrfti að fara í gang. Maður spurði sig hvort ekki væri hægt að gera meira fyrir félagsmenn, bæta þjónustu, ná þannig betur til félagsmanna sem um leið tækju virkari þátt í því sem við erum að gera á hverjum tíma. Einnig væri spurningin sú hvað væri vel gert og hvað mætti betur fara og fá þannig inn einhvern mælanleika á það hversu vel menn væru að standa sig. Það er augljóst að með öllum þeim takmörkunum og áskorunum sem fylgdu Covid að þá þyrfti þessi stefnumótun að biðja betri tíma, en þetta tel ég mjög mikilvægt að við ráðumst í sem fyrst aftur.

Uppsagnir náðu hámarki sumarið 2020, enn er ekki búið að vinda ofan af þeim, en þó horfir til betri vegar með vorinu. Það er ljóst að uppsagnir eru eitru í okkar eyru, en við höfum reynt að mæta þeim á nýjan hátt, náðum að halda í ákveðin réttindi fyrir félagsmenn eins og síma og internet í þó nokkurn tíma eftir uppsögn, jukum við heimildir starfsmenntasjóðs þannig að þeir sem sættu uppsögn gætu nýtt það úrræði betur. Það er ekkert verra en að missa vinnuna og hér innanbúðar hafa menn leitað nýrra leiða til að mæta þeim hópi sem verður fyrir bardönu á slíkum aðstæðum.

Bláfugl með fullum stuðningi SA, ákvað að segja upp öllum kjarasambundnum flugmönnum í miðjum kjaraviðræðum. Ég lít á þetta mál sem tilraunarverkefni SA á íslenskum vinnumarkaði, gangi það upp er vægast sagt verið að stefna íslenskum vinnumarkaði í mikla hættu. Trúnaðarmaður í hlaðdeild Icelandair var næsta fórnarlamb SA og það sést langar leiðir inn á hvaða mið SA er að róa. Þetta getum við ekki sætt okkur við. Við höfum farið dómstólaleiðina eins og siðaðra manna er háttur og fengið uppsagnir flugmanna Báfugls dæmdar ólöglegar.

## Gunnar Björn Bjarnason

Kæru félagar,

Nú er ljóst að sjálfkjörið er til stjórnar FÍA. Engu að síður vil ég hér segja örlítið frá sjálfum mér og minni sýn.

Starfsvettvangur minn hefur verið hjá Flugfélagi Íslands frá árinu 2001, að undanskildu 2018-2019, þegar ég flaug fyrir Wowair. Einnig var ég þjálfunarstjóri Flugfélags Íslands í ríflega 10 ár. Samhliða fluginu hef ég kennt í ATPL námi íslensku flugskólanna. Ég er fróðleiksfús og hef sótt nám í sönglistinni, ítölsku og viðskiptafræði.

Mikið hefur mætt á FÍA eins og flestir vita. Samninganefndir FÍA hafa staðið sig vel á gríðarlega erfiðum tímum. Stéttarfélagið okkar varð fyrir miklum tekjumissi þegar meirihluti félagsmanna missti vinnuna. Við því var vel brugðist með fjárfstýringu sjóða okkar og er það því að þakka að við höfum haldið okkur á lofti þrátt fyrir allt. Vil ég sérstaklega þakka Snorra Ómarssyni fyrir hans vinnu.

SA hótaði öllu illu þegar farið var í verkfallsaðgerðir sem þeir sögðu ólöglegar en voru dæmdar löglegar og heldur betur vel rökstuddar hjá Sýslumanni, Héraðsdómi, Landsrétti, og Félagsdómi. Það er því með hreinum ólíkindum að þegar búið er að dæma í málum líkt og þessu, að þá sé hægt að sniðganga niðurstöðurnar og ekki farið eftir því sem dæmt er.

Kjarasamningurinn við Bláfugl er enn í gildi og þar eru 11 stöður sem skulu vera mannaðar ásamt því að starfsaldurslistinn er enn í gildi. Þessa niðurstöðu hefur Bláfugl sniðgengið án nokkurra aðgerða yfirvalda sem að mínu mati er hreint út sagt fáránlegt! Við munum halda áfram að pressa á þær stofnanir og ráðuneyti sem hafa úrræðin og skyldu til að gera eitthvað í málunum.

Vorið 2021 tók ég við hlutverki gjaldkera í stjórn. FÍA hefur í gegnum tíðina í raun haft einungis tekjur af félagsgjöldum og framlagi atvinnurekenda, auk fjármagnstekna. Það gefur augaleið að mikill tekjubrestur verður þegar fjöldi félagsmanna sætir uppsögn. Það var því markvisst unnið að því að koma fjármálum FÍA í þann farveg að lágmarka tap félagsjóðs. Sjóðurinn stóð vel enda mikilvægt því ekki viljum við skerða þjónustu við félagsmenn, þvert á móti viljum við auka hana. Í stuttu máli tókst okkur með nýrri fjárfestingarstefnu að halda sjó og gott það, rekstur FÍA árið 2021 er jákvæður sem ég tel að sé ótrúlega vel gert miðað við þann tekjusamdrátt sem varð á tímabilinu. Þetta styrkir okkur og gerir okkur kleift að huga að því hvernig við bætum þjónustu til ykkar félagsmanna.

Nú er ljóst orðið að sjálfkjörið sé í stjórn. Ég þakka traustið sem mér og okkur öllum í stjórninni er sýnt og við höldum áfram ótrauð í baráttunni. Ég vona að samkomutakmarkanir munu ekki hafa áhrif á aðalfundinn og vonast eftir því að sjá sem flesta, tókum samtalið og hollar umræður, það er og verður alltaf mjög mikilvægt. Fulla ferð!

Flugkv.  
Steindór Ingi Hall  
Gjaldkeri stjórnar

Svörtustu spár hafa ræst í kjölfar breytinga á Bláfugli og sér ekki fyrir endann á þeirri baráttu. Jafnvel íslenska ríkið heggur að hryggjarstykki stéttarfélagsins, starfsaldurslistanum, en við stöndum fast í lappirnar.

Síðan hefur bæst við íslenskur flugrekandi, sem samið hefur við annað stéttarfélag, á kjörum sem ekki hafa sést hér á landi í minni tíð. Það er því ljóst að það er verk að vinna að snúa vörn í sókn, og ég tel að það takist, því hér á landi er bjart framundan eftir erfið ár.

Ég kom inn í stjórn FÍA í febrúar 2021 og sit einnig í laganefnd og samstarfsnefnd. Mírar áherslur eru stefnumótun stéttarfélagsins, lög þess, öryggismál og að standa vörð um kjör okkar. Við ættum að vinna að því að flugmannsstarfið verði áfram eftirsóknarvert af komandi kynslóðum.







# European Aero-Medical Repository

Upphafið að gagnagrunni fluglækna í Evrópu má rekja til nefndar sem starfaði á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) eftir Germanwings-slysið sem ráðlagði m.a að komið yrði upp slíkum grunni meðal aðildarþjóða stofnunarinnar. Tilgangur hans yrði að draga úr áhættu þess að flugmenn gætu farið í heilbrigðis-skoðun í einhverju aðildaríki eftir að hafa fengið neitun annarstaðar án þess að gefa það upp. Slík tilfelli höfðu komið upp í álfunni nokkrum árum áður. Einnig yrði auðveldara að rekja ákvarðanir um takmarkanir og neitun.

Ákvörðun um grunninn var tekin árið 2019. Síðan þá hefur átt sér stað undirbúningur og eftir seinkanir hafa nú íslenskir fluglæknar tengst grunninum. Skal hann tekinn í gagnið eigi síðar en 1. janúar 2022 en það eru eingöngu atvinnuflugmenn (class 1) sem munu verða skráðir.

Í byrjun þarf að nýskrá alla og meðal þeirra atriða sem þarf að skrá eru númer á persónuskilríkjum og gildistími. Það er því mikilvægt fyrir flugmenn að taka með gild skilríki til að skrá því annars er ekki hægt að senda niðurstöðu heilbrigðis-skoðunar. Við síðari skoðanir er leitað að viðkomandi flugmanni eftir þeim upplýsingum sem hafa verið skráðar. Eftir að búið er að skrá flugmenn í kerfið fá þeir líka sérstakt EAMR númer sem einnig er hægt að leita eftir. Ekki er hægt að leita eftir nafni eða fæðingardegi.

Við heilbrigðis-skoðanir þarf að byrja á því að skoða hvort viðkomandi flugmaður hafi verið neitað um skirteini í gagnagrunninum og hvort um einhverjar takmarkanir sé að ræða. Fluglæknir skráir síðan niðurstöðu heilbrigðis-skoðunar þ.e. hvort viðkomandi hafi staðist eða ekki og einnig ef málinu er vísað til yfirvalds.

Það þarf líka að skrá hvort viðkomandi sé með einhverja takmörkun en ekki er skráð um hvaða takmörkun sé að ræða. Langflestar takmarkanir í heilbrigðisskirteini fjalla um gleraugnanotkun og því margir sem munu verða skráðir með takmörkun. Þá er einnig getið um gildistíma skoðunar en ekki eru skráðar neinar heilsufars-upplýsingar í þennan sameiginlega grunn.

Ráðgert er að viðkomandi flugmaður geti haft aðgang að sínum upplýsingum. Eftir fyrstu skráningu fær viðkomandi flugmaður tölvupóst frá EAMR á það pósthfang sem hann gefur upp til að virkja aðgang.

Þetta mun eitthvað lengja þann tíma sem heilbrigðis-skoðun tekur, sérstaklega í byrjun en samkvæmt viðmiðum EASA skal gera ráð fyrir í heildina 1 klst í heilbrigðis-skoðun atvinnuflugmanns. Sá aukni tími sem grunninum fylgir á að rúmast innan þess tíma.

Atli Einarsson fluglæknir  
Vinnuvernd ehf





**ECA** Piloting  
Safety  
European Cockpit Association

# EVROPSKUM FLUGFÉLÖGUM GEFNAR EINKUNNIR ...hvar vilt þú starfa?

Það er mjög gott að vinna fyrir um þriðjung evrópskra flugfélaga, samkvæmt niðurstöðum könnunar sem European Cockpit Association (ECA) gerði nýverið.

Í könnuninni voru evrópskir flugmenn beðnir um að skoða ýmsa þætti á borð við samninga, samskipti við stéttarfélög, kjarasamningsviðræður, jafnvægi milli einkalífs og vinnu og hvort flugfélagið noti óhefðbundin ráðningarform. Með því öðlast ágæt yfirsýn yfir hvernig flugfélög eru að standa sig þegar kemur að framkomu við starfsfólk og hvort félagið sýni samfélagslega ábyrgð.

„Við vildum gefa flugmönnum færi á að meta vinnuveitendur sína og gefa þeim einkunn,“ segir forseti ECA, Otjan de Bruijn. „Þegar COVID krísan er liðin og vinnumarkaðurinn hefur náð sér á strik geta flugmenn, sem hugsa sér til hreyfings, kannað hvar bestu störfín í flugiðnaðinum er að finna og hvaða flugfélög er best að forðast. Fyrir þá fjölmörgu flugmenn sem hafa upplifað uppsagnir, óöryggi á vinnumarkaði vegna COVID og miklar launalækkningar, verður mikilvægt að geta valið sér vinnuveitenda sem kemur vel fram, er stöðugur og samfélagslega ábyrgur. Þessi könnun sýnir okkur að slík flugfélög eru til, en önnur eiga þó nokkuð í land hvað þetta varðar.“

Otjan de Bruijn,  
forseti ECA.

Þriðjungur allra flugfélaga fengu einkunnina **Social Excellence**. Það eru flugfélög þar sem flugmönnum finnst sem þeir séu hluti af fjölskyldu, þeir eru stoltir af vinnuveitanda sínum og taka virkan þátt í árangri flugfélagsins. Tæplega 40 flugfélög lenda í þeim flokki og hæstu einkunn fá Air France, Condor, Wideroe, KLM og Lufthansa.

Skrefi neðar í einkunnagjöfni er **Social Partner**. Slík flugfélög fá góða einkunn á flestum sviðum en flugmenn sjá þó svigrúm til bóta. Í þeim flokki eru flugfélög á borð við ASL airlines, Brussels Airlines, Air Europa, Jet2, SAS og TAP.

Þriðji flokkurinn er **Social Snail** en þar eru flugfélög sem standa sig vel á ákveðnum sviðum en illa (jafnvel mjög illa) á öðrum. Lykilfélög í flokknum eru til að mynda Turkish Airlines, Malta Air, Volotea og Aegean airlines.

Í fjórða flokki eru **Social Misfits** en þar eru þekkt félög á evrópskum lágfargjaldamarkaði, svo sem Ryanair, Buzz, Lauda og Wizz. Þessi flugfélög eru skora lágt þegar kemur að nær öllum þáttum sem spurt var út í og flugmenn þeirra bera lítið þakklæti eða góðvilja gagnvart þessum vinnuveitendum.

Í lægsta flokknum er það sem kallast má **Social Junk** sem eru oft félög sem fljúga undir radarnum þegar kemur að athygli fjölmiðla og almennings, félög á borð við SmartLynx og Avion Express.

Þátttakendum í könnuninni var einnig gefið tækifæri á að skrifa inn athugasemdir varðandi reynslu sína af því flugfélagi sem þeir starfa fyrir: „Margir flugmenn tala um misbeitingu á vinnuafla (e. exploitation), misnotkun, farið sé á svig við evrópsk lög, flugöryggi sé ógnað og aðra skaðandi háttsemi hjá ákveðnum flugfélögum,“ segir Philip von Schöppenthau, framkvæmdastjóri ECA. „Þess vegna er mikilvægt að afhjúpa þessar starfsvenjur, hvort sem það er gagnvart yfirvöldum, stefnumótandi aðilum, Evrópustofnunum eða almenningi. Á sama tíma vonum við að könnunin hafi jákvæð áhrif og skapi jákvæða samkeppni um starfsfólk og hvetji flugfélög til að bjóða upp á sem bestu vinnuskilyrðin fyrir flugmenn.“



Philip von Schöppenthau,  
framkvæmdastjóri ECA

**Evrópskir flugmenn gáfu  
flugfélögum sínum einkunn  
eftir því hversu gott eða  
slæmt er að vinna fyrir þau  
#AirlinesSocialRating**

[Sjáðu hvar þitt flugfélag  
stendur með því að nota  
QR kóðan eða smella hér.](#)





# Rated by pilots: **European Airlines Social Rating**



European pilots rated their airlines' working conditions, work-life balance & contractual arrangements. High scores represent a highly appreciated and socially responsible airline, according to surveyed pilots. Low scores indicate pilots are not satisfied with their employer on a broad range of social aspects. Based on the rating, airlines have been assigned to one of 5 categories: Social Excellence, Social Partner, Social Snail, Social Misfit, Social Junk.



**CHECK THE REST  
ONLINE**



## **SOCIAL EXCELLENCE**



Air France  
Condor  
Wideroe  
Lufthansa CityLine  
KLM

## **SOCIAL PARTNER**



Brussels Airlines  
Air Europa  
BA Cityflyer  
Norwegian  
Virgin Atlantic

## **SOCIAL SNAIL**



Malta Air  
Volotea  
Aegean  
Turkish Airlines

## **SOCIAL MISFIT**



Ryanair  
Wizz Air  
Lauda  
Buzz

## **SOCIAL JUNK**



Avion Express  
SmartLynx



**ECA**

European Cockpit Association

**Legal disclaimer:** While ECA has taken reasonable steps in order to ensure to the extent possible and to the best of its knowledge that the information contained in the survey (Survey) on which the present Social Rating Dashboard (Dashboard) is based is reliable, the content of the Dashboard must always be read together with the section of the Rating explaining the Survey methodology (Methodology). Full text on [www.eurocockpit.be](http://www.eurocockpit.be)

# STARFSÁNÆGJA FLUGMANNA á tímum Covid-19

Félagar FÍA fengu tækifæri á að taka þátt í könnun um starfsánægju flugmanna fyrir og eftir COVID-19. Rannsóknin var unnin af doktorsnema í Leicester Castle Business School, Saskia Vulturius.

Það voru 54 FÍA félagar sem tóku þátt og voru þeir flestir að vinna hjá „Legacy carrier“ eða Icelandair. Niðurstöður leiddu í ljós að fyrir Covid -19 voru 97,78% af flugmönnum annaðhvort mjög eða nokkuð ánægðir með starfið.

Á mynd 1 má sjá starfsánægju flugmanna fyrir Covid-19 með tilliti til hinna ýmsu flokka sem skoðaðir voru í þessari rannsókn. Flestir flugmenn voru „mjög ánægðir“ með vinnuna sjálfa (e. Work itself), finnast þeir hafa afrekað eitthvað (e. Sense of achievement) og ábyrgð (e. Responsibility). Fyrir Covid fóru 17,78% „mjög óánægðir“ með starfsöryggi (e. Job security).

Þátttakendur voru sammála um að síðan heimsfaraldurinn skall á hafi starfsumhverfið breyst til muna. Þættir eins og starfsöryggi, áhrif á einkalíf, vinnan sjálf, starfsumhverfi, tækifæri til framfara í starfi og stefna og stjórnunarhættir flugfélagsins hafa hvað mesta áhrif á breytt umhverfi.

Á mynd 2 má sjá að starfsánægja flugmanna færðist úr því að vera að mestu leyti „mjög ánægðir“ yfir í að „nokkuð ánægðir“ og voru 58,34% flugmanna „mjög eða nokkuð ánægðir“. Flestir voru ekki „mjög ánægðir“ með neinn flokk og voru flestir „nokkuð“ ánægðir með samband við starfsfélaga (e. Relationship with other pilots of the same rank), vinnuna sjálfa (e. Work itself) og viðurkenningu (e. Recognition). Almenn voru flugmenn óánægðir með tækifæri til framfara í starfi, starfsöryggis, laun og áhrif á einkalíf eftir Covid-19.

Rannsóknin leiddi einnig í ljós að flugmenn telja mjög mikilvægt að vinnuveitandi taki á þeim þáttum sem valda starfsóánægju og töldu í raun að aðgerðarleysi myndi hafa áhrif á starfsgreinina og starfsferil flugmanna til framtíðar.



Fig 1 - Key work aspects and associated satisfaction levels prior to COVID-19





Fig 2 - Key work aspects and associated satisfaction levels during COVID-19







Ég ætla ekki að ráða þig...

# AF ÞVÍ AÐ ÞÚ ERT FLUGMAÐUR!

Photo by Ron Lach from Pexels

Sumarið 2019 voru nærri 600 flugmenn við störf hjá stærsta viðsemjanda FÍA, sem jafnframt er leiðandi fyrirtæki í íslensku ferðaþjónustu. Á gildandi starfsaldurslista flugmanna Icelandair eru nöfn 558 flugmanna, en vegna kyrrsetningar á B - 737 Max vélum félagsins tókst ekki að ljúka við þjálfun allra þeirra flugmanna sem ráðnir höfðu verið og því eru á listanum færri nöfn en annars hefðu þar verið.

Viðbrögð Icelandair við heimsfaraldrinum voru ásamt öðru gríðarlega fjölmennar uppsagnir flugmanna og um tíma voru langflestir starfandi á þriggja mánaða samningsbundnum uppsagnarfresti. Aðeins fáeinir tugir þeirra allra efstu á starfsaldurslistanum héldu starfi sínu veturinn 2020 - 21 og voru þau öll með yfir aldarfjórðungs langt ráðningarsamband við félagið.

Sem betur fer var fullt tilefni til endurráðninga flugmanna hjá Icelandair strax í mars 2021 og hefur þeim síðan fjölgað úr nærri 70 í rúmlega 300. Enn fleiri munu bæstast í hópinn á komandi mánuðum samkvæmt yfirlýstum markmiðum félagsins. Þeir flugmenn sem nú koma aftur til starfa hafa verið án vinnu hjá Icelandair í um hálf tveimur árum.

Endurráðningar hjá minni flugrekendum hafa gengið afar hægt, en þó hefur flugmönnum Flugfélags Íslands fjölgað lítillega. Hjá Norlandair fjölgaði flugmönnum tímabundið samhliða auknu flugi síðasta sumar, en flugfélagið Ernir hefur ekkert endurráðið og þar eru starfandi 9 flugmenn þegar þessi grein er rituð.

Flugrekstur Landhelgisgæslunnar og Mýflugs nýtur nokkurrar sérstöðu eins og þekkt er og hjá Air Atlanta tókst á skömmum tíma að stórauka hlutdeild fraktflugs í rekstrinum þannig að ekki kæmi til uppsagna hjá fastráðnum flugmönnum sem vinna samkvæmt kjarasamningi Air Atlanta og FÍA.

Á vef Vinnuástandstofnunar eru birtar ítarlegar upplýsingar um atvinnuástand á landinu öllu, en þar kemur fram að hópuppsagnir hafi aldrei verið fleiri en árið 2020 eða 141. Áhrif þeirra náðu til 8.789 einstaklinga og félagsmenn FÍA hafa margir mátt reyna það á eigin skinni hve útbreidd áhrif heimsfaraldurinn hefur haft á lífsviðurværi þeirra. Óvissa um þróun mála hefur verið einkennandi og svo sannarlega ekki hlaupið að því fyrir flugmenn að ráða sig í önnur störf.

Til FÍA hafa ratað fjölmargar reynslusögur frá félagsmönnum í atvinnuleit. Því miður bera sumar lýsingarnar með sér dæmi um fordóma í garð flugmanna, jafnvel þegar sótt er um tímabundin störf. Svo virðist sem atvinnurekendur óttist það að flugmaður hverfi úr starfi um leið og fyrstu merki um endurráðningar berast frá flugfélaginu sem hann vann hjá áður.

Þó að líklegt megi telja að hver sá sem valið hefur að starfa við flugið vilji hvergi annars staðar vera þá er rétt að benda á að í starfsaldursreglum, sem eru hluti af kjarasamningi, er rétturinn til endurkomu tryggður og skýrður að nokkru marki.

**Með vísan til 5. greinar hefur flugmaður sem endurráða skal allt að 90 daga til að hefja störf hjá flugrekanda án þess að fyrirgera endurráðningarrétti sínum. Þá er einnig til staðar sá möguleiki fyrir flugmann að óska eftir launalausum leyfi í tilgreindan tíma frá því að tilkynnt er um endurráðningu, en um launalaus leyfi er fjallað í bókun B-7 í kjarasamningi FÍA og Icelandair Group hf/ Icelandair ehf. sem dæmi.**

Forsendurnar sem flugfélög nota til að ákveða hvort að endurráða skuli flugmenn eru misjafnar, en þegar óvissan er jafn mikil og verið hefur að undanförunu halda félögin að sér höndum og reyna að gjörnýta starfskrafta þeirra sem þegar eru við störf. Endurráðningar hafa því einkennst af skjótum viðbrögðum við aðkallandi ástandi, verið nokkurs konar herkvaðning í óeiginlegum skilningi þess orðs.

Með örfáum undantekningum hafa flugmenn þegið endurráðningu hjá flugfélögunum svo skjótt sem hún hefur boðist. Skyndilegt brotthvarf flugmanns úr tímabundnu starfi hefur þó ekki alltaf mætt skilningi. Því er hér góðfúslega bent á leiðir til að skilja vel við í stað þess að fljúga á brott.

Okkur hjá FÍA er annt um orðsþorið sem fer af flugmönnum og viljum að þeim standi til boða fjölbreytt tímabundin störf ef niðursveifla verður í flugrekstri.

Að sama skapi fylgir því depurð að heyra þegar umsóknum þeirra um tímabundin störf svarað svona : **Ég ætla ekki að ráða þig... af því að þú ert flugmaður!**

**Högni Ómarsson,**  
ritari FÍA



# Nú árið er liðið

## Snæðis Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri EFÍA

Nú hefur enn eitt árið safnast í sarpinn hjá EFÍA. Einhvern vegin er ég mun hrifnari af því að tala um að árin safnist upp en að þau hverfi því vissulega er það svo að með hverju árinu sem liður söfnum við minningum, reynslu og þekkingu og í tilfelli lífeyris-sjóðsins lífeyri fyrir framtíðina. Að árinu loknu er því vel við hæfi að fara yfir árangur ársins en jafnframt að velta upp þeirri stefnu sem sett hefur verið fyrir árið 2022 þegar kemur að fjárfestingum sjóðsins.

Þrátt fyrir áframhaldandi óvissu um efnahagsástand víða í heiminum var árið 2021 þó jafnframt árið þar sem bólusetningar hófust af fullum krafti og helstu efnahagsstærðir fóru að taka við sér hér á landi eftir mikinn samdrátt árið áður. Hagvöxtur tók verulegan viðsnúning frá fyrra ári og atvinnuleysi hefur jafnframt minnkað hraðar en von var á. Á hinn bóginn hefur verðbólga verið nokkuð há og reynst þrálátari en vænst var framan af ári. Hefur það skapað væntingar um frekari vaxtahækkunar Seðlabankans á næstu misserum.

### Þróun markaða

Heimsfaraldur litaði óhjákvæmilega árið 2021 en þrátt fyrir það voru eignamarkaðir kraftmiklir á árinu. Sá eignaflokkur sem átti sviðsljósið í ár var innlendi hlutabréfa-markaðurinn en úrvalsvisitala hlutabréfa hækkaði um 33,0% á árinu. Erlendu hlutabréfin voru einnig sterk en heimsvisitala hlutabréfa (e. MSCI World Index) hækkaði um 20,1% í Bandaríkjadal eða um 22,1% í íslenskum krónum á árinu.

Ávöxtun í innlendu skuldabréfasafni hefur verið góð. Stýrivextir Seðlabanka Íslands náðu lágmarki í lok ársins 2020 þegar þeir voru 0,75% en standa nú í 2,0%. Vaxtahækkunarferli er hafið og ljóst er að markaðsaðilar vænta þess að vextir komi til með að hækka enn frekar. Nafnávöxtun verðtryggðra ríkisskuldabréfa var á bilinu 6,0% - 7,7% en ávöxtun óverðtryggðra var á bilinu -2,8% - 0,1% á árinu. En skuldabréfasafn EFÍA er miklum meirihluta verðtryggt.

### Ávöxtun

Í takt við gang markaða á liðnu ári var ávöxtun á eignasafni EFÍA árið 2021 einstaklega góð. Nafnávöxtun\* eignasafnsins var um 16,5% að markaðsvirði en það samsvarar um 11,1% raunávöxtun. Það er óhætt að segja að hlutabréf hafi verið mest áberandi þegar kemur að ávöxtun á árinu 2021, bæði innlend og erlend.

Sá eignaflokkur sem skilaði mestu framlagi til heildarávöxtunar var innlend hlutabréf en eins og fyrr segir var sá markaður afar kraftmikill á árinu. En ávöxtun í fortíð gefur engin loforð um ávöxtun í framtíð og þegar horft er til framtíðar er það fjárfestingarstefnan sem gefur okkur tóninn.

Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA endurskoðar fjárfestingarstefnu sjóðsins að minnsta kosti árlega að undangenginni vinnu sem að jafnaði er ferli sem unnið er yfir þrjú mánuði á ári. Nú hefur stjórnin undirritað nýja fjárfestingarstefnu fyrir árið 2022. Síðustu ár hefur verið lögð áhersla á að auka vægi og áhættudreifingu innan erlends eignasafns. Í nýrri stefnu er þeirri vegferð haldið áfram en helstu breytingar eru þær að vægi erlendra eigna og hlutabréfa er aukið en á móti er dregið úr vægi skuldabréfa.

### Fjárfestingarstefna



Breytingar á stefnunni í ár eru gerðar til þess að nýta þau tækifæri sem skapast í krefjandi lágvaxtaumhverfi með það að markmiði að stuðla að hærri langtíma-ávöxtun. Fjárfestingarstefna sjóðsins má sjá með því að smella á hnapp hér að neðan.

Markmið um hlutfall eignaflokka í sjóðnum breytast eins og hér segir:

- **Innlend skuldabréf lækki úr 49% í 46%**
- **Innlend hlutabréf hækki úr 16% í 17%**
- **Erlend hlutabréf hækki úr 22% í 23%**
- **Erlendar sérhæfðar fjárfestingar hækki úr 4% í 7%**

Þá er jafnframt áhugavert að skoða þróun fjárfestingarstefnu sjóðsins síðast liðin ár en þau ár hafa heilt yfir gefið sjóðnum vel og er meðalávöxtun sl. fimm ára 10,6% að nafnvirði og 7,2% að raunvirði. Það er þó jafnframt mikilvægt að hafa í huga að fjárfestingarstefnu þarf stöðugt að endurskoða og þróa í takt við markaðsaðstæður hverju sinni til að tryggja sjóðfélögum bestu mögulegu ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.

### FJÁRFESTINGARSTEFNA EFÍA 2022



\*Óendurskoðuð





# WORDS FROM THE PRESIDENT

Dear colleagues,

FÍA's 2022 Annual General Meeting, which will convene on 10 February, is approaching. The traditional AGM activities will take place there, according to the announced agenda, which include board elections. This year, the sitting FÍA board members decided to run for re-election again. No other candidacies for the board were submitted, and it is therefore clear that the FÍA board will be automatically re-elected.

The collaboration on the board has been good. The term was demanding and we faced many challenges. It has been invaluable for the president to have such powerful people, who never shy away from the work ahead, despite the fact that for the past 2 years they have been required go above and beyond what was expected. Both the board members and the office staff should receive thanks for their selflessness and diligence.

For my part, I am very grateful for the trust that you members have shown the board, but at the same time I hope that the members' active interest in the union and its work does not diminish. It is very important to get as many willing hands as possible to work for FÍA, not least to get younger people to take an active part in the union work. Time passes quickly and no one is eternal or indispensable, there is always a substitute. We should also keep in mind that we must make sure that we transfer the experience and knowledge, in combination with renewal. In Icelandic we have a saying that "the young learn what the old teach".

With the rising sun, there are signs of recovery in the air for the aviation sector. At last! Finally, it seems that the government is going to relax the

restrictions and limitations that have governed our whole lives for the past 2 years. The consequences have been severe for most of us, and unfortunately almost 30% of our members are still unemployed, despite the fact that re-employment has been taking place every month for the past six months. Continued re-employment of pilots is expected for the coming summer. May they become permanent and as many as possible.

